

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22.11.2007
Tilv. 21.9.1/ÞOR
JS/sv

Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukinn þorskafla á fiskveiðiárinu 2007-2008, 5. mál, 135. löggj. þing 2007-2008.

Vísað er í erindi Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar dags. 2. nóvember 2007 um ofangreint málefni.

Almennt

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar til stjórnvalda varðandi aflamark þorsks fiskveiðiárið 2007/2008 var að lækka veiðihlutfall í 20% og að afli væri takmarkaður við 130 þús. tonn eins og fram kemur í Ástandsskýrslu stofnunarinnar frá því í júní s.l. (Nytjastofnar sjávar 2006/2007 og aflahorfur fiskveiðiárið 2007/2008). Þessi ráðgjöf byggir fyrst og fremst á horfum í þróun viðmiðunar- og hrygningarstofns á næstu árum. Miðað við þær magnmælingar sem að fyrir liggja um árgangastærð nú, bæði úr afla og úr stofnmælingu, þá eru umtalsverðar líkur á því að stærð bæði viðmiðunar- og hrygningarstofns fari undir sögulegt lágmark við óbreytt nýtingarhlutfall. Það var í þessu ljósi sem að Hafrannsóknastofnunin lagði áherslu á að breyta viðmiðunarreglu um útreikning aflamarks, úr 25% af viðmiðunarstofni í 20%. Með þessu eru taldar minni líkur á að viðmiðunar- og hrygningarstofn verði undir sögulegu lágmarki eftir 3-4 ár.

Megin forsendur þessarar ráðgjafar voru eftirfarandi:

- Nýliðun síðustu 6 árin er slök, 117 milljón 3ja ára nýliða að meðaltali m.v. langtímameðaltal 180 milljónir. Engir meðalárgangar, eins og mældust 1997 til 2000, eru í farvatninu, hvað þá sterkir árgangar eins og sáust á árum áður.
- Meðalþyngdir flestra aldurshópa eru nú við sögulegt lágmark, þannig að saman fer lítill fjöldi einstaklinga í árgöngum og lélegur vöxtur.
- Hrygningarstofn þorsks er nú aðeins um helmingur þess sem talið er að gefi hámarksafurkastur og aðeins 2% af hrygningarstofni er 10 ára og eldri fiskur, en var 16% fyrir um 20 árum þegar nýliðun var betri og hrygningarstofninn stærri.
- Viðmiðunarstofn (veiðistofn) er nálægt sögulegu lágmarki árið 2008.

Hafrannsóknastofnunin telur að ef aflamark verði aukið eins og lagt er til í þingsályktunartillögunni sé veruleg hætt á að stærð veiði- og hrygningarstofns fari niður fyrir söguleg mörk á næstu árum. Það að draga á langinn enn frekar að lækka veiðihlutfallið eykur stórlega líkur á umtalsverðri frekari lækkun á aflamarki á næstu árum og að aukinn afrakstur úr stofninum náist ekki til langs tíma lítið.

Varðandi önnur atriði í greinargerð með þingsályktunartillögunni:

1. Fjöldi skyndilokana

Árlegur fjöldi skyndilokana er ekki góður mælikvarði á stærð uppvaxandi árganga, m.a. af eftirfarandi ástæðum:

Stærðarsamsetning veiðistofns

- Viðmiðunarmörk, sem notuð eru við ákvörðun um lokanir, eru hlutfallsleg stærð. Stærðarsamsetning stofnsins þegar nýr árgangur er að koma inn veiðina getur því haft veruleg áhrif á tíðni skyndilokana þegar viðmiðunarhlutfallið er föst stærð. Þannig að t.d. ef tiltölulega lítill árgangur er að koma inn í veiðina og árgangar þar á undan eru enn minni getur smár fiskur orðið hlutfallslega áberandi í afla og tíðni skyndilokana verið há. Af sömu ástæðum getur verið lítið um skyndilokanir þó að tiltölulega stór árgangur sé að koma inn í veiðina, ef næstu árgangar þar á undan hafa verið stórir.

Veiðihlutfall

- Veiðihlutfall getur einnig haft áhrif á árlegan fjölda skyndilokana. Þannig eykst tíðni skyndilokana þegar veiðihlutfall er hátt, þ.e.a.s. þegar aflamark er hátt hlutfall af viðmiðunarstofni. Flotinn á erfitt með að ná aflamarki í stærri og verðmætari fiski og leitar því meir en ella í smáfisk.

Útbreiðsla og veðurfar

- Útbreiðsla og veðurfar getur einnig haft áhrif á fjölda skyndilokana. Slæm veðurskilyrði hindrar flotann oft í að sækja lengra frá landi út á meira dýpi þar sem meiri von er að fá stærri fisk. Þannig getur veðurfar haft áhrif á tíðni skyndilokana. Útbreiðsla uppvaxandi árganga á hverjum tíma getur einnig haft veruleg áhrif. Breytilegt getur verið eftir umhverfis- og ætisskilyrðum á hverjum tíma hvort útbreiðsla og þéttleiki ungvíðis fari saman við helstu veiðislóðir.

Sóknarmynstur

- Sá hluti flotans sem er líklegastur til að veiða hátt hlutfall af smáfiski eru krókabátar á grunnslóð norðanlands en netabátar á vertíð sunnlands fá varla smáfisk sem nokkru nemur. Augljóst er því að ef breyting verður á hlutfallslegum afla sem tekin er í þessa tvo flota getur það haft veruleg áhrif á tíðni skyndilokana. Einnig getur tíðni þorsk skyndilokana aukist ef flotinn sækir í auknum mæli á grunnslóð þegar tiltölulega hátt aflamark er á tegundum (öðrum en þorski) sem þar halda sig.

Virgni eftirlits

- Augljóst er að fjöldi skyndilokana er einnig háður virkni veiðieftirlits. Breytilegt getur verið frá ári til árs hvaða áherslur eru í veiðieftirliti og einnig má gera ráð fyrir að skipulag og framkvæmd eftirlits sé í þróun í átt að virkara eftirliti.

Niðurstaða:

Fljótt á lítið virðist aukning í fjölda skyndilokana í fyrra og á þessu ári miðað við 3 árin þar á undan fyrst og fremst stafa af aldurssamsetningu stofnsins. Árgangurinn frá 2001 er mjög lélegur þannig að þrátt fyrir að næstu árgangar þar undan séu ekki sterkir verða þeir hlutfallslega áberandi í veiðinni. Jafnframt hefur hlutfall afla sem tekinn er á línu farið vaxandi og sókn færst í auknum mæli á grunnslóð vegna ýsusóknar.

Mat Hafrannsóknastofnunarinnar á nýliðun er byggt á sögulegu samræmi sem er á milli afla úr árgöngum sem að gengið hafa í gegnum veiðina og vísitölumælinga sömu árganga sem ungfisks. Þessar mælingar hafa til þessa reynst tiltölulega áreiðanlegar og ekkert sem bendir til þess að þar hafi orðið stórkostleg breyting á. Hin allra síðustu ár eru þó vísbendingar um að stærð uppvaxandi árganga hafi verið ofmetin um 5-10%. Fráleitt er að tíðni skyndilokana sé betri mælikvarði.

2. Þorskur við Austur-Grænland

Undanfarna áratugi hafa Þjóðverjar framkvæmt stofnmælingu að haustlagi við Austur Grænland. Þessir leiðangrar hafa verið skipulagðir og framkvæmdir með svipuðum hætti og stofnmælingar Hafrannsóknastofnunarinnar þó svo að stöðvanet við Grænland sé þó mun gisnara.

Teknar eru togstöðvar á helstu þorsklóðum með landgrunnskantinum allt norður á 66 gráðu. Í þessum leiðöngrum var vart við töluvert magn af seiðum af 2003 árgangi haustið 2003. Þessi fiskur hefur síðan komið fram í mælingum ár hvert og er nú áætlað að stærð hans geti verið nálægt 1/3 af 1984 árganginum sem er síðasti stóri árgangurinn sem óx upp við A-Grænland og er álitinn hafa verið af íslenskum uppruna.

Leiðangrar Þjóðverja, svo og leiðangur sem Grænendingar fóru s.l. haust, benda ekki til að verulegt magn af þorski sé nú að vaxa upp við Grænland. Magn nú virðist aðeins brot af því sem var þegar veiðar voru stundaðar fyrir á árum. Í þingsályktuninni kemur fram sú skoðun að mikið af þorski hafi farið til A-Grænlands haustið 2002. Þessa fisks hefur ekki orðið vart í miklu magni í rannsóknaleiðöngrum.

Ef 2003 árgangurinn hegðar sér með svipuðum hætti og árgangar frá 1984/85 og veiðar verða ekki heimilaðar við Grænland er ekki óhugsandi að kringum 20-30 þús. tonn af hrygnandi fiski gangi þaðan á Íslandsmið þegar hann verður kynþroska. Ef slíkt gerist gefur það hins vegar vart tilefni til aukins þorskkvóta að svo stöddu en mun flýta fyrir uppbyggingu hrygningarstofnsins. Til langs tíma lítið er hægt að tala um aukin beitarlönd þorsksins ef fram heldur sem horfir, að hlýnun sjávar á norðurslóð heldur áfram, en það er auðvitað ekki fast í hendi fyrr en að nokkrum árum liðnum.

Hafrannsóknastofnunin á i samstarfi við grænenska og þýska aðila um rannsóknir á þorski við Grænland. Á þessu ári hefur erfðaefni þorsks við Grænland verið rannsakað, en

fyrirhugað er að efna til sérstaks leiðangurs á Grænlandsmið til að rannsaka aflsamsetningu þorsks þar og gera tilraunir til marktækra merkinga á svæðinu á næsta haust, en nú þegar hafa samstarfsaðilar stofnunarinnar hafið merkingarstarfið.

3. Sláturstærð þorska, 4. Hverjar eru orsakirnar?

Eins og fram kemur í Ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar frá júní s.l. lækkaði mat á viðmiðunarstofni um 13% frá því sem áður hafði verið áætlað. Þessi lækkun er vel innan tölfræðilegra skekkjumarka. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögum voru 40% þessarar lækkunar vegna lægri meðalþyngda eftir aldri en gert hafði verið ráð fyrir. Hin 60% eru vegna endurmats á stærð árganga í fjölda.

Ekki er ljóst hvað átt er við þegar fullyrt er að „í hverjum árgangi fækkar alls um 100 milljónir þriggja til sex ára fiska milli skýrslna 2005 og 2007, þ.e. að um 167.000 tonn eru horfin úr töfluverkinu án veiða.“ Árið 2005 var áætlað að stofnstærð 3-6 ára fiska í fjölda í ársbyrjun 2005 væri samanlagt um 388 milljónir fiska samanborið við 359 milljónir við endurmat árið 2007, mismunur 29 milljónir. Hér munar mestu um endurmat á stærð 2002 árgangsins en mat á honum hefur lækkað um 13 milljónir frá árinu 2005. Vissulega er það áhyggjuefni að á undanförunum árum hefur stærð uppvaxandi árganga verið ofmetin um 5-10% frá því að fyrsta mat liggur fyrir og þar til árgangurinn er að fullu kominn í veiðina. Ástæður þessa liggja ekki fyrir en gera að verkum að rétt er fara enn varlegar en ella við ákvörðun aflamarks.

Orsakir þess að meðalþyngd þorsks eftir aldri hefur lækkað verulega á síðustu árum eru taldar vera minnkandi magn og viðvera loðnu við Ísland. Til margra ára var spáð fyrir um meðalþyngd þorsks í afla út frá áætlaðri stærð loðnustofnsins. Forsenda þessa var samhengið á milli meðalþyngdar þorsks eftir aldri og stærðar loðnustofns eins og fram kemur á myndrænan hátt í þingsályktunartillögum. Á undanförunum árum hafa þó verið notaðar aðrar aðferðir til spá fyrir um meðalþyngd þorsks þar sem þetta samband virðist hafa riðlast, líklega vegna breytinga í útbreiðslu loðnu og aðgengi þorsks að loðnu.

Þó að vitað sé að stærð loðnustofnsins hafi veruleg áhrif á vöxt þorsksins er ekki jafn ljóst að hve miklu leyti veiðar á loðnu sem er rétt við að hrygna og deyr svo að hrygningu lokinni, skipti máli í þessu samhengi. Hafrannsóknastofnunin vinnur að rannsókn á þessum þætti.

5. Afli og sókn

Á Hafrannsóknastofnuninni eru til umfangsmikil gögn frá fiskiskipaflotanum um afla og sókn, svokallaðar afladagbækur. Þess gögn eru notuð af sérfræðingum stofnunarinnar m.a. til að skoða afla á sóknareiningu eftir veiðarfærum, svæðum og tímabilum. Að sjálfsögðu er sérfræðingum sem nota þessi gögn ljóst að erfitt getur verið að túlka þessar upplýsingar þar sem hegðun flotans er síbreytileg og ör tækniþróun í flotanum. Að teknu tilliti til slíkra þátta virðist að öllu jöfnu gott samræmi á milli þessara gagna og annarra upplýsinga um ástand fiskistofna.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri

Björn Ævarr Steinarsson, sviðsstjóri Veiðiráðgjafarsviðs